

Umsjón: **Silja Aðalsteinsdóttir** silja@dv.is**Hafið**

Sterk og áhrifamikil kvikmynd sem er hvort tveggja fjölskyldudrama og lýsing á lífinu í fiskiplássi.


**Litla lírfan ljóta**

Hugljúft ævintýri með teiknuðum persónum úr dýraríkinu.

Menningarverðlaun DV 2003 – Tilnefningar í kvikmyndum

Fjölbreytnin sjaldan verið meiri

„Ég held ég geti sagt með fullri vissu að aldrei hafa jafnmargar íslenskar kvikmyndir verið sýndar í kvikmynda-húsum og í fyrri. Ef að er gáð þá var einhver íslensk kvikmynd í sýningu nánast allt árið og stundum fleiri en ein. Þetta er góðs viti og segir okkur að mikil gróska er í íslensku kvikmynda-gerð um þessar mundir,“ segir Hilmar Karlsson, formaður menningarverðlaunanevndar DV í kvikmyndum.

**Hlemmur**

Veröld útígangsmanna kemst vel til skila í áhrifamikilli kvikmynd Ólafs Sveinssonar.

„Það sem er einkennandi fyrir þennan fjölda kvikmynda er að fjölbreytnin var mikil og ungrir og upprennandi kvikmyndagerðarmenn voru í sviðsljósinu jafnt og þeir sem reyndari eru. Fjölbreytnin lýsti sér í að jöfnum höndum var verið að sýna leiknar kvikmyndir, heimildarmyndir og stuttmyndir. Ekki má gleyma sjónvarpinu sem stóð betur á verðinum en oft áður. Þar á bæ mættu þeir þó hlúa enn betur að íslensku kvikmyndagerð.“

Eins og eðlilegt er eru gæðin misjöfn, en sjaldan taldi Hilmar að kvikmyndanefndin hefði haft úr jafnmiklu af góðu efni að móða. „Kvikmyndirnar fimm sem tilnefndar eru eiga það sameiginlegt að leikstjórar þeirra eru af annarri og þriðju kynslóð íslenskra kvikmyndagerðarmanna þegar miðað er við svokallað „kvikmyndavör“,“ segir Hilmar og bætir því við að tilnefningarnar sýni vel fjölbreytnina á síðasta ári. Tvær leiknar kvikmyndir eru tilnefndar, tvær heimildarkvikmyndir og ein teiknimynd.“

Með Hilmarí Karlssyni sátu í nefndinni Sif Gunnarsdóttir og Christof Wehmeier.

Hafið

Eftir hina ágætu 101 Reykjavík á Baltasar Kormákur sterka innkomu með Hafinu. Myndin, sem gerð er eftir vinsælu leikriti, er skynsamlega færð fram um nokkur ár og húmorinn aukinn. Baltasar Kormákur og Ólafur Haukur Símonarson, höfundur leikritsins, ná vel saman. Útkoman er sterk og áhrifamikil kvikmynd sem er hvort tveggja fjölskyldudrama og lýsing á lífinu í fiskiplássi þar sem lífið er háð þeim skilyrðum að útgerðin verði þar áfram. Sagan gerist að vetri til sem gerir þorpið einangraðra en ella og passar veturinn vel inn í kalt andrúmsloftið sem umlykur persónurnar. Kvikmyndataka, tónlist, klipping og hljóð er eins og

**Í skóm drekans**

Persónuleg kvikmynd um feegurðarsamkeppni.

Í skóm drekans

Í skóm drekans er hin umtalaða mynd Hrnar og Árna Sveinssonar um feegurðarsamkeppni Ungfrú Ísland.is. Umtöluð var hún vegna sýningarbanns sem aðstandendur keppinnar lögðu á hana þar til komist var að mála-miðlun. Þetta er heillandi mynd um unga konu sem ætlar að afhjúpa fyrirbærið feegurðarsamkeppni og sýna, að þótt keppnin kalli sig punktur is og þykist róa á önnur og vitsmunalegru mið en venjuleg feegurðarsamkeppni, þá sé dómnefnd enn að mæla út ungar konur á sundbolum og reyna að

leggja mat á það hver sé sætust. Hrönn leggur af stað með myndavél á öxl og sigarettu í munnvikinu, full hugsjóna, en verður smám saman heltekin af keppninni. Í skóm drekans er ekki heimildarmynd um feegurðarsamkeppni heldur persónuleg mynd um upplifun einnar konu af slíkri keppni.

Litla lírfan ljóta

Litla lírfan ljóta er fallet ævintýri, búið til á tölvuteikniborði af mikilli list. Þar segir frá litilli lírfu í litlum garði, baráttu hennar fyrir tilveru sinni og nokkrum lífverum sem hún kynnist áður en hún fellir haminn. Myndin er einstaklega hugljúft og þær persónur úr dýraríkinu sem kynntar eru til leiks eru vel heppnaðar og eiga auðvelt með að fanga hugi yngstu áhorfendanna sem myndin er ætluð. Gunnar Karlsson, leikstjóri myndarinnar, fer leiðir sem ekki hafa verið farnar í íslensku kvikmyndagerð áður og sendir frá sér vel gerða teiknimynd þar sem heppnast vel að nýta sér þá tækni sem tölvur ráða yfir.

Maður eins og ég

Leikstjórinn Róbert Douglas sem sýndi okkur Íslendinga í spéspegli í myndinni Íslenska draumnum bankar aftur á dyr íslensks samfélags og við komum til dyranna eins og við erum klædd. Róbert er öllu dramatískari hér en í fyrstu mynd sinni, persónusköpun er dýpri og flóknari og þótt húmorinn sé vissulega til staðar þar hann myndina ekki uppi. Aðalpersónan, Júlíus, er tragikomísk persóna, einstaklega óþroskaður í mannlegum samskiptum. Þegar hann verður hrifinn af kínversku stúlku kann hann ekki að þróa sambandið heldur fer eftir amerískum sápuóperukljúsum sem leiða ekki til neins nema skipbrots. En Róbert skilur ekki við söguhefjuna á botninum heldur leyfir okkur að gleðjast með Júlíusi þegar hann byrjar að leggja rækt við eigin innri mann og leitar að verðmætum annars staðar en í skyndilausnum neyslupjóðfélagsins.

**Maður eins og ég**

Djúp persónusköpun og flókin.

Einleikartríó á Sinfóníutónleikum



Bryndís Halla Gylfadóttir, Stefán Vovka Ashkenazy og Judith Ingólfsson mynda einleikartríó á næstu tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar, annað kvöld kl. 19.30, í Þríleikskonsert Beethovens (í C dúr op. 56). Þeir eru ekki lánlausir sem komast til að hlýða á þetta tríó og þá er verkið sem þau leika ekki af verri endanum.



Fyrst á tónleikumum er verkið Gangur sem Þorkell Sigurbjörnsson samdi að beiðni Vladimirs Ashkenazy og var frumflutt af tékknesku Filharmoníunni í Prag í árslok 2001 undir stjórn hans. Það heyrst nú í fyrsta sinn hælendis og er líka tilhlökkunarefni. Síðust á tónleikumum er svo sinfónía nr. 1 eftir Gustav Mahler.



Hljómsveitarstjóri annað kvöld er Thomas Kalb (f. 1959), tónlistarstjóri í Heidelberg. Hann er einnig vinsæll gestastjórnandi annars staðar í Þýskalandi og víðs vegar í heiminum.

Rosalegt uppistand

Dagana 13., 14. og 15. febrúar mæta Írinn David O'Doherty og Nýsjálandingurinn Rhys Darby á Sportkaffi og verða með uppistand. Þeir eru báðir atvinnugrínarar og eftirsóttir á bresku uppistandssenuinni. David er einn mest um talaði uppistandari Íra af yngri kynslóðinni, var tilnefndur til hinna virtu „perrier“ nýliðaverðlauna á Edinborgarhátíðinni árið 2000 og hefur skrifað barnabók sem verið er að gera teiknimynd eftir.

Rhys er einn af þeim heitustu og jafnframt reyndustu í bransanum á Nýja-Sjálandi. Hann er tíður gestur í vinsælum sjónvarpsþætti Nýsjálandinga, Pulp Comedy, þar sem gestir þáttarins eru allt að eitt þúsund, hefur tvisvar farið með uppistandsshow á Edinborgarhátíðina, býr nú í London og hefur brjálað að gera.



Ágústa Skúladóttir verður fulltrúi Íslands og mun kynna gesti og vera með uppistand bæði á ensku og íslensku. Hún hóf uppistandsferilinn á Englandi og komst í undanúrslit í einni af stærstu og virtustu keppnum Breta, „so you think you're funny“ 1999. Ágústa er einnig leikstjóri og leikstýrði meðal annars Sellófon eftir Björk Jakobsdóttur sem nú er verið að sýna í Nasa.

Mjólkurskógur var fyrstur

Í DV í fyrradag, mánudag, var sagt í frétt um leiklestra á leikritum Sigurðar Pálssonar, sem hann hefur skrifað fyrir Nemendaleikhúsið, að Undir suðvesturhimni hafi verið fyrsta verkið sem sýnt var í Nemendaleikhúsinu. Menningarsíða fékk athugasemd svohljóðandi frá Viðari Eggertssyni leikara, leikstjóra og leikhússtjóra:



„Það er ekki alveg rétt að Undir suðvesturhimni hafi verið fyrsta leikritið sem sýnt var í Nemendaleikhúsinu. Á undan var Hjá Mjólkurskógi eftir Dylan Thom- as í leikstjórn Stefáns Baldurssonar. Síðan kom Undir suðvesturhimni. Nafnið var reyndar öðrum þræði spaugileg afbökun á nafni hins (Under Milk Wood) og síðan auðvitað ljóðræn útlekking á staðsetningu Reykjavíkur, en verkið gerðist í Reykjavík þess nútíma (1976).

„Og af hverju þykist ég nú vita þetta? Jú, af því að ég var í Nemendaleikhúsinu þá og lék í báðum þessum verkum og er enn á lífi og nokkuð ern, og það sama má reyndar segja um alla þá sem komu að þessum tveim verkum!“ Menningarsíða þakkar fyrir hugul-semina.

Myndbönd og gjörningar

– í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi 12. febrúar til 9. mars

Dagana 12. febrúar – 9. mars fer fram fjölbreytt myndbanda- og gjörningadagskrá í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi. Dagskráin verður opnuð formlega í kvöld kl. 20. Henni er skipt niður í þrjú tímabil og hefst fyrsti hluti, Loud & Clear / Hátt og skýrt, í fyrramálið þegar safnið verður opnað. Myndböndin renna láttlaust meðan safnið er opið, kl. 10–17 alla daga, og stendur þessi hluti til 24. febrúar.

**Guðni Franzson.****Haukur Tómasson.**

Kusama.

Annar hluti dagskrárinnar hefst 28. febrúar kl. 21 og ber yfirskriftina Ákveðin ókyrró / Certain Turbulence. Þetta eru gjörningar sem nemendur í Listaháskóla Íslands vinna í

um sig, myndlistarmaður, tónlistarmaður og auglýsingahönnuður. Tveir íslenskir tónlistarmenn taka þátt í þessum hluta, Guðni Franzson, sem vinnur með myndlistarmanninum Aernout Mik og auglýsingastofunni Wieden & Kennedy, og Haukur Tómasson sem vinnur með Jung von Matt og Yayoi

samstarfi við erlendra kennara og eru hluti af dagskrá Vetrarhátíðar dagana 28.2. – 2.3. Brian Catling, Julian Maynard Smith og Willem de Ridder taka þátt í gjörningunum sem verða aðeins framdir á kvöldin, kl. 21–23.

Þriðji hluti stendur frá 4.– 9. mars og heitir Flash. Þá renna láttlaust alla daga DVD-verk frá Bifron-stofnuninni í Amsterdam, unnin í samstarfi tónlistarmanna og myndlistarmanna.

Nánari upplýsingar eru á slóðinni: <http://www listasafnreykjavikur.is/Hafnarhus/syningar/myndbond.shtml>. Vert er að geta þess að á mánudögum er frítt inn í Hafnarhús.